

7) að í upphafi 21. greinar yrði í staðinn fyrir: „Íslenzkt skip” sett: „skip, sem á heima á Íslandi”.

Dómsmálastjórnin hafði ekki neitt að finna að breytingum heim, sem aðalskattastjórnin hafði stungið uppá í 2., 3., 6. og 7. tölulið, nè heldur að efninu í breytingaruppástungunni í 5. tölulið, en þókti þó betur henta að orða það, sem til var ætl-  
 azt, svo, að bæta orðunum: „í Danmörku eða á Íslandi” inn í á eptir orðinu „skrásetningarskrifstofu” í öðrum kafla 12. greinar í frumvarpinu. Aftur á móti þókti stjórnarráðinu miður henta að fallast á þann hluta uppástungunnar í 4. tölulið, sem fer því fram, að á skrásetningarstofunni skuli rita á skýrteinið skýrslu um heimild skipstjórans til að stýra skipi, þar sem Íslenzk lög ekki hafa neina ákvörðun inni að halda um, að menn þurfi að sanna neina sérstaklega hæfilegleika til þess að mega stýra skipi, og af sömu ástæðu þókti réttast að bæta inn í sýnis-hornið fyrir mælingarbréfum, sem fest er aptan við tilskipunina, á undan orðunum: „hvenær og hvar skipstjóraskýrteinið sé dagsett” þessum orðum: „ef til þess kemur”. Að því er loks snertir uppástunguna, sem er til færð í 1. tölulið, virtist stjórnarráðinu vel mega orða 1. grein tilskipunarinnar eins og þar er stungið uppá, nema að upphafi yrði orðað þannig: „Til þess „að skip geti með skrásetning á Íslandi öðlazzt rétt á að hafa „dansktt flagg, verður eigandi þess eða eigendur að hafa réttindi „innborinna danskra manna og ekki hafa bólfestu fyrir utan lönd „Danaveldis” o. s. frv. Þar að auki virtist réttast að bæta inn í aðra málsgrein 5. greinar, á eptir „þegna”, orðunum: „eða hluta-félaga”. Að endingu skal þess getið, að fyrirsögn lagabóðsins var látin vera: „Tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa”.

1869.

25. júní.

## 59. Tilskipun um hundahald á Íslandi.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt,

25. júní.

1869.  
25. júní.

til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

#### 1. grein.

Sérhver húsbóndi skal skýra frá á ári hverju, í kaupstöðunum um fardaga og í sveitunum á hreppaskilapöngum á vorin, fyrsta sinn árið 1871, hversu margir hundar sé á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur eða einhver annar. Fjölgi hundarnir á árinu, þá er hann skyldur að segja lögreglustjóranum í kaupstöðunum og hreppstjórunum til sveita til þess, áður 3 vikur sé liðnar. Að því er snertir hunda þá, sem heima aldir eru, skal frestur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra 4 mánaða, og að því er snertir aðfengna hunda, frá þeim degi, er þeir komu á heimilið.

#### 2. grein.

Lögreglustjórnir í kaupstöðunum og hreppstjórnir í sveitum skulu árlega á hreppaskilapöngum á vorin ásamt allt að 4 mönnum, sem kaupstaðar- eða hreppsþúar kjósa, ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi til þess að hirða nautpening sinn, hesta eða sauðfê og til þess að verja tún og engjar. Fyrir hvern hund, sem haldinn er fram yfir hina ákveðnu tölu, skal eigandi gjalda 2 ríkisdali, á ári.

#### 3. grein.

Lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, skal halda sérstaka bók, og rita þar í tölu og nöfn allra húsbænda í kaupstaðnum eða hreppnum, og skal þar um leið tilgreint, hversu marga hunda hann haldi, og skýrt frá, hvort greiða eigi gjald fyrir hundana eður eigi. Svo skal hann og sjá vandlega um, að ekki sé neinstaðar í kaupstaðnum eða hreppnum haldnir aðrir hundar eða fleiri en þeir, sem leyfilegt er að hafa afgjaldslaut samkvæmt 2. grein, eða sem sagt hefir verið til til greiðslu hins lögbodna gjalds. Fyrir hvern annan hund, sem hittist, skal eigandinn gjalda 5 ríkisdala fêsekt; fær uppljóstrarmaðurinn annan helming sektarinnar, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn, og ber eigandanum þar á ofan að greiða hið lögbodna gjald fyrir hundinn. Finnist enginn eigandi að slíkum hundi, skal hundurinn drepinn.

## 4. grein.

1869.  
25. júní.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnu, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmeingað er, að með töldum hausum af höfuðsóttar-kindum, svo djúpt í jörð niður, að hundarnir geti ekki náð því, eða að brenna það. Brot gegn ákvörðun þessari varðar 1—5 rd. sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóðurinn hinn.

## 5. grein.

Af upphæð gjalds þess, sem um er rædt í 2. grein, smbr. 3. grein, skal fyrst taka kostnaðinn til að útvega bók þá, sem nefnd er í 3. grein. Af afgangnum fær lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, annan helminginn, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn. Gjaldið skal greiðt í fyrsta sinn árið 1872; gjalddagi þess er hinn sami og annara sveitargjalda, og má taka það með lögtaki, ef það ekki er greiðt í tækan tíma.

## 6. grein.

Fyrir tekjum þeim, sem sveitirnar fá samkvæmt þessari tilskipun, skal gjörður sérstakur reikningur á hverju ári, og skal fylgja honum til sönnunar eptirrit af bók þeirri, sem getið er um í 3. grein; skal reikningur þessi vera fylgiskjal með aðal-sveitarreikningnum.

## 7. grein.

Með mál þau, sem rísa útaf brotum á móti ákvörðununum í tilskipun þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Samkvæmt konungsúrskurði 31. maímán. 1867 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi<sup>1</sup>. Alþingi ræddi frumvarpið á lögskipaðan hátt og lét síðan uppi álitsskjal nm það<sup>2</sup>, þar sem beðið var um, að nýtt frumvarp, er þingið hafði samið og fylgdi með álitsskjalinu, yrði gjört að lögum.

<sup>1</sup>) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 172—178 bls.

<sup>2</sup>) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1867 II, 555—560 bls.

1869.

25. júní.

Helztu breytingarnar, sem alþingi stakk uppá, á frumvarpi stjórnarinnar voru þessar:

- 1) á 1. grein: að orðin „heimilismaður hans” verði felld úr; að þegar hundar fjölga á árinu eptir að skýrt var frá um tölu þeirra, þá skuli fresturinn að segja til þess vera 3 vikur í stað 8 daga; og að frestur þessi, að því er snertir heimaalda hunda, skuli talinn frá því, er þeir eru orðnir fjögurra mánaða í stað tveggja mánaða.
- 2) á 2. grein: að ekki skuli tiltekið í lagaboðinu, hversu marga hunda megi halda gjaldlaust, heldur verði hreppstjórunum ásamt tveimur og allt að fjórum mönnum úr hreppnum, er hreppsþúar sjálfir kjósa, og í kaupstöðunum lögreglustjórunum með jafnmörgum mönnum falið á hendur að skera úr, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi eptir skepnufjölda hans og öðrum atvikum.
- 3) að 3.—7. grein verði felldar úr og í stað þeirra komi þessar 6 greinir:

### 3. grein.

Síðan skal lækna alla hunda, þá er eptir eru, á kostnað eigenda, eptir reglum þeim, sem þar um verða settar að ráðum landlæknis.

### 4. grein.

Lögreglustjórinn í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitum eru skyldir að annast um lækningar á hundum, en skyldir eru húsbændur að láta flytja hunda þá, sem á heimilum þeirra eru, á þá staði, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri tiltekur.

### 5. grein.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í sveitum skulu skyldir til að halda sérstaka bók og rita þar í tölu og nöfn húsbænda í kaupstöðunum eða hreppnum, þeirra er hunda hafa, og þar að auki tilgreina, hversu margir hundar sé á heimili hvers, eptir að búíð er að fækka þeim samkvæmt 2.

grein, og skal sömuleiðis í þessa bók inn fært, hversu mörgum hundum hafi verið gefið inn á hverju heimili samkvæmt 3. grein; skal lögreglustjóri í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitunum vandlega gæta, að enginn hundur sleppi undan lækningunum.

## 6. grein.

Auk þess, er lækni meðalið samkvæmt 3. grein og þar um settum reglum kann að kosta, ber hverjum að gjalda lögreglustjórunum í kaupstöðum en hreppstjórum í sveitunum 16 skildinga fyrir hvern hund árlega.

## 7. grein.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra heima hjá sér því húsdýri, er sullir finnast í, að grafa þá alla þegar í stað djúpt í jörð niður eða brenna ella.

## 8. grein.

Brot gegn ákvörðunum þeim, sem gefnar eru eða gefnar kunna að verða um lækningu hunda, og eins gegn ákvörðuninni í næstu grein hér á undan, varða 1—3 rd. sekt.

Konungsfulltrúi lagði í álitsskjali sínu um hið nýja frumvarp alþingis fram með breytingum þeim á frumvarpi stjórnarinnar, sem alþingi hafði stungið uppá, en samt með nokkrum tilbreytingum. Að því er snertir breytinguna, sem til er færð í 2. tölulið, var konungsfulltrúi smeykur um, að ekki mundi alstaðar verða farið fram sömu reglunum, þá er ætti að ákveða, hversu margir hundar væri nauðsynlegir, og hann býst við, að víða hvar muni verða álitid nauðsynlegt fyrir húsbændurna að hafa jafnmarga hunda, og hver þeirra um sig hefir haft hingað til, svo að hundaskatturinn kæmi að eins niður á þeim hundum, sem vinnufólkið á eða þeir menn, sem ekki eru við neinn búskap. Hann stakk því uppá, að við uppástungu alþingis yrði bætt þeim viðauka, að menn þeir, sem 2. grein ræðir um, skuli ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi til þess að hirða fænað sinn og verja tún og engjar. Þar sem alþingi hafði stungið uppá, að ákvörðun sú, sem frumvarp stjórnarinnar hafði inni að halda um, að hundarnir skyldi

1869.  
25. júní.

látinir ganga með lögreglu-teikn, tók konungsfulltrúi fram, að bæði mundi gagn það, sem lögreglu-teiknið, ætti að gjöra, í því skyni að tryggja borgun hundaskattsins, verða þýðingarminna á Íslandi, vegna hinna sérstaklegu landshátta þar, heldur en annarstaðar, og eins mundi eigendunum veita mjög erfitt að sjá um, að hundarnir ávallt gangi með teiknið, þar sem kalla má, að þeir sé hálfviltir. En með því að ákvarðanir þær, sem með þurfa til að tryggja borgun hundaskattsins, vanta í frumvarp alþingis, áleit konungsfulltrúi nauðsynlegt, að bætt væri aptan við 5. grein alþingis, ákvörðun þessa efnis svo látandi: „Sömuleiðis eru þeir (þ. e. lögreglustjórnir og hreppstjórnir) skyldir að sjá vandlega um, að hvergi í sveitinni sé haldnir aðrir hundar eða fleiri en þeir, sem leyfilegt er að halda afgangslaus, samkvæmt 2. grein, eða sem sagt hefir verið til, svo að hið lögboðna gjald fyrir þá verði greidt. Fyrir hvern annan hund, sem hittist, ber eigandanum að gjalda 5 rd. sekt, og fær uppljóstrarmaðurinn annan helming sektarinnar, en hinn helmingurinn rennur í sveitarsjóðinn. Þar á ofan ber eigandanum að greiða hið lögboðna gjald fyrir slíkan hund. Verði ekki komizt fyrir, hver sé eigandi að hundinum, skal hundurinn drepinn“. Loks lét konungsfulltrúi það álit sitt í ljósi, að ekki væri nægar ástæður til að fella úr ákvörðunina um, að gjörður skuli sérstakur reikningur fyrir hundaskattinum, og að því er snertir sektir þær, sem 8. grein hjá alþingi ræðir um, þá megi ekki minna vera, en að þær geti orðið 5 rd. þegar mest er.

Útaf breytingum þeim, sem alþingi hafði stungið uppá, virtist dómismálastjórninni vera tilefni til að leita álits dýralækningaráðsins. Dýralækningaráðið veitti Dr. med. Krabbe, sem hafði fyrstur hvatt til að gjöra ráðstafanir þær, sem áformaðar voru með stjórnarfrumvarpinu, færi á að kynna sér uppástungur alþingis og skýra frá áliti sínu um þær. Hann var á því máli, að ráðstafanir þær, sem alþingi hafði stungið uppá, kynnu að vísu að geta áorkað nokkru til að nema burtu orsakinna til sullaveikinnar, en að það mundi vera ómögulegt

að hafa umsjón með, að þeim yrði fylgt fram, og að það því yrði að álitast óráðlegt að mæla fyrir um þær með lögum; hinsvegar ætti að hvetja menn til að gjöra líkar ráðstafanir sjálfkrafa. Hann tók þar að auki fram, að enda þótt lækningunum, sem alþingi hefði stungið uppá, yrði komið fyllilega í kring, þá mundi árangurinn af þeim samt hvergi nærri samsvara erfiðleikum þeim, sem þær yrðu bundnar, eins og það líka væri á engum rökum byggt, að halda, að mögulegt væri að útrýma alveg bandmunum, sem eru í íslenzku hundunum. Hið einasta, sem yrði áorkað með lögum til þess að reisa skorður við orsökunum til sullaveikinnar, væri því að sinni hyggju það, að fækka hundunum, en að minna væri undir því komið, hvort fækkuninni yrði komið í kring með þeim hætti, sem stjórnin hefði stungið uppá, eða þeim hætti, sem alþingi hefði stungið uppá. Dýralækningaráðið var í öllum aðalatriðum samdóma Krabbe lækni, og ræði eindregið frá, að boðið væri með lögum fyrir um lækningar þær á hundunum, sem alþingi hafði stungið uppá, en aptur á móti mælti ráðið fram með, að tekin væri inn í lagabóðið ákvörðun um, að slátur það, sem sullir finnast í, skuli grafið í jörð niður.

Dómsmálstjórnin hafði ekki fyrir sitt leyti neitt að breytingum þeim, er alþingi hafði stungið uppá við 1. og 2. grein stjórnarfrumvarpsins, að finna, þegar búið væri að laga þær samkvæmt uppástungum konungsfulltrúa, sem getið er um hér að framan. Stjórnarráðið hafði heldur ekki neitt á móti því, að teknar væru burt úr 3. grein stjórnarfrumvarpsins ákvarðanirnar, sem þar voru um lögregluteikn fyrir borgun hundaskattsins, og að tryggingu þessari yrði komið fyrir samkvæmt því, sem alþingi og konungsfulltrúi höfðu stungið uppá. Aptur á móti varð stjórnarráðið að vera því mótfallið, að teknar væru inn í lagabóðið ákvarðanir þær, sem alþingi hafði stungið uppá, um að lækna skyldi alla hunda á Íslandi fyrir ormum í innýftunum. Stjórnarráðið varð að því leyti að fylgja álitum dýralækningaráðsins og Dr. med. Krabbes, og enn þá eitt atriði, sem mælir á móti uppástungu alþingis, er það, að eptir

1869.  
25. júní.

1869.

25. júní.

skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hafði fyrir sér, mátti búast við, að kostnaðurinn til slíkra lækninga um 5 ára tímabil mundi verða 6000 eða 7000 ríkisdalir. — Þar sem alþingi hafði stungið uppá, að ákvörðunin í 7. grein stjórnarfrumvarpsins um, að gjörður skyldi sérstakur reikningur fyrir hundaskattinum, yrði felld úr, varð stjórnarráðið að vera konungsfulltrúa samdóma um, að til þess væri ekki nægar ástæður. Eins og dýralækningaráðið lagði fram með, að tekin væri upp í lagaþóðið ákvörðun um, að slátur með innýflaormum í skyldi grafið í jörð niður, eins hafði dómsmálastjórnin ekki neitt verulegt að þeirri ákvörðun að finna, sem alþingi hafði fallizt á í því efni, en þókti að eins ástæða til að gjöra þessar smábreytingar: að orðunum „heima hjá sér“ væri sleppt, af því að þau gjöra einskorðun á ákvörðuninni, sem virðist vera alveg ástæðulaus; að orðunum „þá alla“ væri sleppt og í staðinn fyrir sett: „slátur það, sem sullmeingað er“; að skipunin um að grafa slátrið niður væri sett skýrara fram, með því að bæta við þessum orðum: „svo djúpt, að hundarnir geti ekki náð því“; og loks að bætt væri við ákvörðun um, að eins skuli farið með hause af höfuðsóttar-kindum.

Þó að dómsmálastjórninni þannig ekki þækti ráðlegt að fallast á aðalatriði það, er uppástungur alþingis voru fráhverfar frumvarpi stjórnarinnar um, virtist þó ekki vera nægar ástæður til að leggja málið að nýju fyrir alþingi, með því að þörfu á öðru skipulagi í þessu efni er svo mikil, að það hefði verið miður vel til fallið að skjóta úrslitum málsins á frest, og það þókti því síður ísjárvert að láta lagaþóðið koma út eins orðað og vikið er á hér að framan, sem alþingi ekki hafði beinlínis lagt á móti neinni af þeim ákvörðunum, sem lagaþóðið mundi hafa inni af halda, nema að eins ákvörðuninni um sérstakan reikning fyrir hundaskattinum, en sú ákvörðun virtist ekki vera svo áriðandi.